

Skýrsla stjórnar 2022-2024

Lokaskýrsla stjórnar Betadeildar fyrir árin 2022-2024, flutt á aðalfundi 17. maí 2024.

Kæru Beta systur

Ungur var ég forðum,
fór eg einn saman,
þá varð eg villur vega,
auðigur þóttumst
er eg annan fann,
maður er manns gaman.

Þessi orð úr Hávamálum eru mér hugleikin í dag. Ekki aðeins af því ég og kollegar mínir vorum að ganga frá lokaprófi í íslensku, heldur eiga þau einnig prýðilega við í þessum góða félagsskap. Maður er manns gaman. Beta systur hafa auðgað mitt líf og stækkað til muna á fleiri sviðum en einu, og mun meira en ég bjóst við þegar ég tók við formennsku fyrir ári síðan.

Ný stjórn tók til starfa í ágúst 2022. Það verður að segjast að við vorum allar nokkuð blautar á bak við eyrun og himinlifandi að eiga ekki Hauk í horni, heldur dóttur hans, dásemdina hana Hildi (Hauks), sem var okkur til halds og trausts sem fráfarandi formaður. Stjórn Beta árin 2022-2024 var svo skipuð: Aðalbjörg Bragadóttir formaður, Kristín Elva Viðarsdóttir varaformaður, Sigurbjörg Rún Jónsdóttir ritari og Helena Sigurðardóttir meðstjórnandi. Með stjórn starfaði Hildur fyrrum formaður og Laufey Petrea Magnúsdóttir gjaldkeri.

Fyrsta verk stjórnar var að leggja drög að starfsáætlun vetrarins. Við hófum haustið á bókmenntalegu nótunum. Gestur fyrsta fundar var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, kennari og rithöfundur, sem sagði frá nýrri bók sinni, *Aldrei nema vinnukona*, á góðum fundi í Zontahúsinu. Sagan fjallar að stórum hluta um langömmu systur Sveinbjargar en einnig er getið í eyðurnar á stöku stað. Við héldum áfram í bókmenntunum í Brekkuskóla í nóvember þegar Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla, rithöfundur og tónlistarkona, las úr nýútkominni ungmennabók sinni *Órói, krunk hrafnanna*. Þegar bókarkynningunni lauk dró

Hrund fram harmonikku og alls voru sungin fimm þekkt sönglög svo Beta systur fóru syngjandi glaðar heim það kvöldið.

Sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý- og Ný-deilda var haldinn 24. nóvember á kaffihúsinu Lyst í Lystigarði Akureyrar. Hann var velheppnaður og ómetanlegt að eiga nærandi samverustund með öðrum deildum. Gestur kvöldsins var Kristín Margrét Jóhannsdóttir, dósent við kennaradeild HA, en hún fjallaði um jólahald í Kanada þar sem hún var búsett í nokkur ár. Frásögn hennar og kátína vakti mikla lukku.

Starfsárið 2023 hófst á hefðbundnum bóka fundi í janúar, þar sem 17 konur ræddu um bækur á kennarastofunni í MA. Í mars var inntökufundur í Beta-deild þar sem heiðurskonurnar Ólöf Ása Benediktsdóttir og Vaka Óttarsdóttir voru teknar inn í deildina. Það var mikill gróði fyrir deildina að fá þær í okkar raðir. Síðasti hefðbundni fundur deildarinnar var haldinn í VMA og gestur fundarins var okkar eigin Beta systir, Aníta Jónsdóttir. Hún hélt mjög vel heppnaða kynningu fyrir okkur þar sem hún sagði frá ferð sinni til Texas þar sem hún sótti leiðtoganámskeið DKG, en Antía fékk styrk til að sækja námskeiðið. Ekki nóg með það, Aníta sagði okkur einnig frá meistararitgerð sinni sem ber heitið „„Svo er maður ekki einn í þessu“: þörf á foreldrafræðslu og stuðningi í uppeldishlutverkinu, sjónarhorn feðra 13-16 ára unglinga.“ Aníta sagði skemmtilega frá og það var virkilega áhugavert og fræðandi að heyra af starfi sem kona í okkar röðum er að vinna að.

Lokafundur Beta deildar vorið '23 var haldinn á Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Þar heiðruðum við Helgu Hauksdóttur kennara, fyrir framlag hennar til nýbúafræðslu og málefni tvítýngdra barna á Íslandi. Þetta var gert í tengslum við afmæli Beta deildar, en deildin fagnaði 45 ára afmæli árið 2022. Helga flutti stórskemmtilegt ávarp og einnig fengum við tónlistaratriði frá Sesselíu Ólafsdóttur sem var þá nýkringdur bæjarlistamaður Akureyrar.

Seinna starfsárið hófst á haustferð, en 15. september lögðu 16 félagskonur, hressar og sprækar, af stað í rútuferð austur í Þingeyjarsýslu. Á leiðinni fengum við magnaða leiðsögn frá Beta systur okkar, Margréti Kristínu Jónsdóttur, sem var óþrjótandi uppspretta fróðleiks um örnefni, sveitirnar, landslagið og fólkið sem bæina byggði. Fyrsta stopp var á Grenjaðarstað í Aðaldal, þá var haldi að Laxárvirkjun og kvöldverður var snæddur á Hótel Fosshóli við Goðafoss.

Á fyrsta formlega fundi skólaársins auðgaðist deildin um tvær merkiskonur. Drífa Þórarinsdóttir, skólustjóri leikskólans Klappa var tekin inn í Beta deild á inntökufundi í

hennar eigin leikskóla, og Kristín Guðbjörg Snæland flutti til Akureyrar, og til okkar, úr Ný deild. Félagskonur Beta deildar eru nú orðnar 32 talsins. Jólafundurinn var að þessu sinni aðeins fyrir Beta deild, hann var haldinn í hliðarsal á veitingarhúsinu Strikinu og gestir kvöldsins voru úr bókmenntageiranum eins og svo oft áður. Brynhildur Þórarinsdóttir og Linda Ólafsdóttir komu með brakandi ferskar barna- og unglingabækur. Linda, sem er myndlýsir og rithöfundur, sagði frá barnabókinni *Ég þori, ég get, ég vil* og Brynhildur kynnti *Smáralindar Móra*.

Nýja árið 2024 hófst með hefðbundnum hætti á bóka fundi í janúar sem að þessu sinni var heima hjá Vöku. Í mars hittumst við í MA og hlýddum á Ingibjörgu Magnúsdóttur íþróttakennara MA og Kristínu okkar Elvu skólasálfræðing. Þær sögðu okkur frá rannsókn á svefni nemenda í menntaskólanum og niðurstöðum sínum. Við héldum áfram í MA þema í apríl þegar tveir nemendur í þriðja bekk menntaskólans, þeir Magnús Máni Sigurgeirsson og Tómas Óli Ingvarsson, ræddu um gervigreind og kosti hennar á fundi í Brekkuskóla. Í kjölfarið sköpuðust eldheitar umræður enda umfjöllunarefnið ofarlega á baugi þessa dagana.

Eins og sjá má af þessari drjúgu upptalningu hefur starfið verið viðburðaríkt undanfarin tvö ár. Bókmenntir og umfjöllun um þær hafa verið fyrirferðamiklar, en við höfum einnig heyrt þrisvar frá okkar eigin Beta konum, ef leiðsögn Margrétar Kristínar er talin með, og eflt andann með fingurinn á púlssi nútímans.

Á þessum tveimur starfsárum var eitt Landsambandsþing haldið í Hveragerði vorið 2023 en vorráðstefnu sem átti að halda í Borgarnesi í apríl síðastliðnum var frestað vegna dræmrar þátttöku. Evrópuráðstefnan 2023 var haldin í Tampere í Finnlandi í lok júlí og þar fékk Beta konan Eygló Björnsdóttir European Achievement Award. Eygló er afar vel komin að þessum verðlaunum, en hún hefur unnið óeigingjarnt starf fyrir samtökin til fjölda ára.

Á næsta ári, 2025, verða 50 ár liðin síðan fyrsta Delta Kappa Gamma deildin, Alfa, var stofnuð þann 7. nóvember 1975 í Reykjavík. Stofnuð hefur verið afmælisnefnd og í henni situr m.a. Fríða úr Beta deild. Það má því búast við skemmtun og uppbroti á næsta ári.

Eins og áður hefur komið fram bættust fjórar konur í okkar góða hóp, þrjár komu nýjar inn í félagsskapinn og ein fluttist á milli deilda. Nú eru 32 félagskonur í Beta deild og að meðaltali mættu um 20 konur á hvern fund. Engin kona gekk úr samtökunum á þessu tímabili. Félagskonur hafa almennt verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Samvinna við undirbúningshópa hefur verið með besta móti og eldri félagskonur hafa hjálpað þessari „ungu“ stjórn mikið, sem hefur verið út um hvippinn og hvappinn

megnið af stjórnartíð sinni. Enda reyndist einfaldast að halda fundi í gegnum skjáinn þar sem stjórnarkonur voru margar ekki með fasta viðveru á Akureyri.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég segja að þessi tvö ár sem formaður hafa verið mér lærdómsrík, svo ekki sé meira sagt. Ég hef kynnst samtökunum mun betur, öðlast reynslu og þekkingu og átt gott samstarf við Beta konur sem ég þekkti lítið sem ekkert fyrir mína stjórnartíð. Það var ef til vill fljótfærni hjá mér að taka þetta hlutverk að mér fyrir tveimur árum, og í hreinskilni gerði ég mér ekki grein fyrir umfangi starfsins. Það var erfitt að sinna formennskunni vel, verandi með þrjú börn yngri en tíu ára og með yfirvinnu í kennslunni, en nú þegar mínu tímabili er að ljúka þá gleðst ég yfir vel unnu verki. Að sjálfsögðu er engin eyland, og ég vil þakka stjórnar konunum þeim Sirrý, Stínu, Helenu, Laufeyju og Hildi kærlega fyrir samstarfið. Að þeim ólöstuðum þá verð ég að draga Sirrý sérstaklega út fyrir sviga, hún hefur staðið dyggilega við bakið á mér og verið mér ómetanleg hjálp. Takk Sirrý! Einnig hefur Hildur glatt okkur með framtakssemi sinni, hún tók það upp á sitt einsdæmi að færa gamlar fundargerðir og annað tilfallandi á Héraðsskjalasafnið og kann ég henni þakkir fyrir. Ég legg það einnig til að afmælis pistlar Hildar verði gerðir að hefð innan deildarinnar.

Í öllu farsælu félagsstarfi er samvinna mikilvæg og ég segi það að þetta er einn mesti auðurinn sem ég tek út úr vinnunni í Beta deild. Systralagið er raunverulegt, við stöndum saman og hlúum hver að annarri þegar á móti blæs. Beta deild er vel skipuð, við erum vinkonur, systur, kollegar, fræðimenn. Höldum í hugrekkið og verum eins og rauða rósín, mynd andríkis og sköpunargáfu.

Takk fyrir mig.

Fyrir hönd stjórnar 2022-2024,

Aðalbjörg Bragadóttir, fráfarandi formaður Beta deildar.